



## Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 11. september 2017

Haldinn á kaffistofu Eimskips á Ísafirði á meðan á klósettpappírssölu meistaraflokks stóð. Fundur settur kl. 18:05. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Birgir Örn Birgisson, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri, Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð og Yngvi Páll Gunnlaugsson sat fundinn undir liðum 1-2 og undir lið 6a.

1. Leyfismál erlendra leikmanna  
Farið yfir stöðu mála. Dvalar- og atvinnuleyfi Nemanja væntanlega um það bil að detta inn. Stjórn ákvað að aðstoða hann sérstaklega við umsókn dvalarleyfis sambýliskonu hans sem hyggst flytja hingað eins fljótt og kostur er.
2. Leikmannamál  
Venslasamningur hefur verið gerður við Grindavík um að Hinrik Guðbjartsson geti leikið með Vestra. Ekki er ljóst hve mikið hann mun leika með liðinu en hann verður áfram búsettur í Grindavík.  
Yngvi Páll vék af fundinum eftir umræður um þennan lið.
3. Fjármál  
Sveinn fór almennt yfir stöðuna.  
Leikjaskrá. Auglýsingasala er í fullum gangi og gengur vel. Ingi Björn mun halda fund með Nökkva Harðarsyni og Gunnlaugi Gunnlaugssyni sem hafa séð um auglýsingasöluna og kanna stöðuna. Efni í blaðinu er að taka á sig mynd að öðru leyti. Stefnt að útkomu blaðsins mánudaginn 23. október.  
Stefnt að klósettpappírssölu aftur í byrjun desember.
4. Íbúðir  
Þau mál eru komin á hreint. Þvottavél tilbúin fyrir Nemanja en enn vantar smávægilegan húsbúnað.
5. Önnur mál
  - a. Ingólfur Þorleifsson lagði fram drög að bréfi til stjórnar KKÍ með kvörtun þjálfara og foreldra tengda MB11 móti kvenna í Smáranum í Kópavogi um nýliðna helgi.
  - b. Rætt um að halda aftur jólahlaðborð fyrir leikmenn, þjálfara, stjórnarmenn og aðra sem koma að starfinu enda tókst slíkt vel á síðasta ári.
  - c. Liðsmýndataka. Stefnt að henni mánudaginn 16. október á Torfnesi. Ágúst Atlason hefur aftur verið ráðin til starfsins.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 19:35.